

Nd.

388. Nefndarátt

um frv. til laga um vexti.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir atbugað frv. þetta og getur ekki sjeð, að það sje eins mikilsvert eins og háttv. slutningsmaður, eftir greinargerðinni að dæma, virðist álíta. Það gæti jafnvel komið til mála að fella úr gildi lög um vexti frá 7. febr. 1890, án þess að nokkuð kæmi í þeirra stað.

Ástæður þær, sem í greinargerðinni eru tilfærðar, þessu máli til stuðnings, eru heldur ekki þess eðlis, að þær geti nægt til að sannfæra nefndina um nauðsyn þeirrar miklu vaxtahækkunar, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það kom til orða í nefndinni, að ákvæði hinna almennu viðskiftalaga myndu geta nægt í þessu efni, þótt áðurnefnd lög, nr. 10 frá 7. febr. 1890, yrðu úr gildi numin. Þó varð það ofan á í nefndinni, að láta frv. ganga áfram, með breytingum þeim, er síðar greinir.

Ástæðurnar fyrir því, að nefndin getur ekki fallist á að hækka vextina eins og frv. gerir ráð fyrir, eru þær, að hún lítur svo á, að viðskiftamálaástand það, sem nú ríkir, bæði hjer og víða annarsstaðar, sje ekki eðlilegt og muni því, áður langur tími líður, breytast til batnaðar og vextir þá fara lækkandi.

Í öðru lagi virðist það fremur óeðlilegt, að vextir af fasteignalánum sjeu til muna hærri en af öðrum lánum, því þau lán verða þó að jafnaði að álítast tryggari en önnur algeng viðskiftalán.

Enn fremur má geta þess, að það lítur nokkuð undarlega út, einmitt nú, þegar ríkið er í undirbúningi með að stofna fasteignaveðbanka, sem sjerstaklega er ætlað að starfa að efling landbúnaðarins, að á sama tíma sje lög-

leyfð mikil vaxtahækkun á fasteignaveðlánun; það gæti lítið svo út, að með því væri verið að ýta undir þessa stofnun, að hún, þegar hún tæki til starfa, ætti að vera fremur kröfuhörð við viðskiftamenn sína, að því er vaxtaktöfurnar snertir.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, leyfir nefndin sjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrir »6⁰/o« komi:
5⁰/o.
2. Við 2. gr. Fyrir »8⁰/o« komi:
6⁰/o.

Alþingi, 23. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður og framsögumaður.

Jón A. Jónsson.
fundaskrifari.

Pórarinn Jónsson. Þorl. Guðmundsson. Sveinn Ólafsson.

Hákon J. Kristófersson. Jakob Möller.